

Efnahags- og skattanefnd

Alþingi  
Erindi nr. P 136/968  
komudagur 2.3.2009

Ég þakka boð um að mæta á fund nefnarinnar í fyrramálið vegna máls nr. 289(endurgreiðsla virðisaukaskatts). En því miður hef ég ekki tök á því að koma til fundarins á þessum tíma. Biðst ég forláts á því og vona að það komi ekki að stórrí sök.

Húseigendafélagið fagnar þessu frumvarpi og hefur ekkert nema gott um það að segja.

Að auka endurgreiðsluhlutfall vsk. af vinnu á byggingarstað úr 60% í 100% mun vafalaust vafalaust stuðla að auknu viðhaldi húseigna og verða með öðru vítamínssprauta í þeim geira. Menn sjá fram á góða tíma í viðhaldi fasteigna. Viðhaldsiðnaðurinn stækkar og eflis þegar nýbyggingariðnaðurinn dregst saman. Í þenslunni var þrautin þyngri að fá verktaka í viðhaldsverk. Grasið þótti grænna í nýbyggingum. Nú er öldin önnur. Nú berjast þeir verktakar um viðhaldsverk sem áður fúlsuðu við þeim. Nú geta húseigendur valið úr verktökum og náð góðum samningum.

Það sem skyggir á er að viðhaldsfé er vísast af skörnum skammti og lánamöguleikar eru ekki sem forðum.

Sú breyting sem í frumvarpinu felst mun hvetja til viðhalds og viðgerða og munu örva viðhaldsiðnaðinn. Sama er að segja um ráðagerðir um hærri og rýmri lán frá Íbúðarlánasjóði til viðhaldsframkvæmda.

Húseigendafélagið telur áformaðrar breytingar mjög þýðingarmiklar og einkum og sér í lagi eins og ástandið er nú. Með vísan til ofanritaðs mælir Húseigendafélagið eindregið með því að frumvarp þetta verði leitt í lög sem fyrst.

Virðingarfyllst,  
Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.  
form. Húseigendafélagsins.